

Sögufélag Eyfirðinga

2012/27

Sögufélag Eyfirðinga var stofnað 1971. Stofnfundar félagsins var haldinn í lestrarsal Amtsbókasafnsins á Akureyri 27. júní 1971. Alls voru á fundinum 29 manns.

Jóhannes Óli Sæmundsson setti fundinn. Voru Haukur Steindórsson nefndur fundarstjóri og séra Bolli Gústafsson fundarritari.

Jóhannes Óli gat þess í upphafi að þetta væri fyrsta tilraun til að mynda þennan félagsskap. Taldi hann tíma til kominn að Eyfirðingar hæfust handa, þar sem næstu sýslur væru langt á undan þeim í útgáfu á sögulegum fróðleik, nefndi t.d. Þingeyinga og Skagfirðinga. Kristján, skáld frá Djúpalæk, tók til máls og kvaðst vera einn þeirra manna, sem bæru ábyrgð á þessum fundi og jafnframt gleðjast yfir því hversu fjölsóttur hann væri. Í framhaldi af því hófust mikil ræðuhöld fundarmanna um verkefni félagsins, skipulag þess og starfshætti.

Samkvæmt 2. gr. í lögum félagsins er tilgangur þess að „safna, skipuleggja, og skrá alhliða eyfisk fræði og vinna að útgáfu þeirra.“

Framhaldsstofnfundur félagsins var haldinn 24. júlí 1971.

Fyrsti aðalfundur var haldinn 15. júní 1973.

1976 keypti félagið tímaritið Súlur með það fyrir augum að gera það að riti Sögufélagsins í stað Eyfirðingarits.

Árin 1978-1987 mun starfsemi félagsins að mestu hafa legið niðri. Þó kom tímaritið Súlur nokkuð reglulega út til ársins 1983, en þá varð hlé á útgáfu.

Formenn Sögufélagsins, kosnir eftirtalin ár: 1973 Sigurður Óli Brynjólfsson, 1976 Valdimar Gunnarsson, 1987 Birgir Þórðarson, 1989 Guðmundur Steindórsson, 1997 Jón Hjaltason, 2021 Jóna Sigurlaug Friðriksdóttir.

Ritstjórar Súlna frá upphafi: 1971-1981 Jóhannes Óli Sæmundsson, 1971-1975 Erlingur Davíðsson, 1976-1983 Valdimar Gunnarsson, 1982-1983 Þórhallur Bragason, 1987-1993 Árni J. Haraldsson, 1992-1993 Angantýr H. Hjálmarsson, 1993-2000 Jóhann Ó. Halldórsson, 2002-2004 Einar Brynjólfsson, 2005-2012 Haukur Ágústsson, 2013-2021 Björn Teitsson, 2022- Jón Hjaltason.

Afhendingin barst frá Jóni Hjaltasyni. Aðrar afhendingar frá sama skjalamyndara eru F-227 og 2002/30.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri
9. október 2025.

Katrín Björg Þórisdóttir
Skjalavörður

Geymsluskrá

Skjalaf. Askja Örk Tímabil Efni

2012 / 27

A-Sögufélag Eyfirðinga

A-Sögufélag Eyfirðinga

2011 - 2011

A	1	1	2011 - 2011	Gögn tengd samkeppni um athyglisverðar minningar sem Sögufélag Eyfirðinga hélt í tilefni af 40 ára afmæli sínu, tölvupóstsamskipti, fréttatilkynningar og auglýsing.
A	1	2	2011 - 2011	Gögn tengd samkeppni um athyglisverðar minningar sem Sögufélag Eyfirðinga hélt í tilefni af 40 ára afmæli sínu: innsendar minningar.